

HITAVEITA  
SUÐURNESJA HF

Umhverfisstofnun
Ab. <u>AS</u> <u>EE</u>
14 JUNI 2005
40
Tilv. <u>UST20050200056</u>


Vestmannaeyjum 13. maí 2005


Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Efni: Grænt bókhald fyrir 2004

Hér með er Umhverfisstofnun gerð skil á skýrslu um grænt bókhald Hitaveitu Suðurnesja v/  
kyndistöðvar í Vestmannaeyjum fyrir árið 2004 í samræmi við ákvæði laga nr. 851/2002.

f.h. Hitaveitu Suðurnesja Vestmannaeyjum

  
\_\_\_\_\_  
Ívar Atlason tæknifr.



## HITAVEITA SUÐURNESJA HF

# Skýrsla um grænt bókhald 2004

### Starfsemi fyrirtækisins

Kyndistöð Hitaveitu Suðurnesja í Vestmannaeyjum er dælu og orkuver fyrir hitaveituna í Vestmannaeyjum. Í kyndistöðinni er vatn hitaveitunnar hitað upp með rafskautakatli og dælt inn á dreifikerfið. Olíukatlar eru var afl. Í nokkur ár hefur fyrirtækið verið með starfsleyfi fyrir hreinsun á úrgangolíu og brennslu grunnolíu til upphitunar húsa.

### Stjórn Hitaveitu Suðurnesja

#### Stjórn HS 2004 - 2005

Árni Sigfússon, Björn H. Guðbjörnsson, Ellert Eiríksson stjórnarformaður, Gunnar Svavarsson, Magnús Gunnarsson, Ómar Jónsson, Jón H. Norðfjörð

### Umhverfisstefan Hitaveitu Suðurnesja hf:

- stefnir af einurð að því að áhrifin af starfsemi hennar raski sem minnst eðlilegu ástandi og jafnvægi láðs, lagar og lofts og samfélagi manna, dýra og gróðurs.
- tekur mið af alþjóðlegum stöðlum við stjórnun á áhrifum starfsemi sinnar á umhverfið.
- Stjórn áhrifa af starfsemi HS á umhverfið verður hluti af gæðastjórnun fyrirtækisins.
- leitast við að beita hverju sinni þeirri tækni sem minnst áhrif hefur á umhverfið, að teknu tilliti til hagkvæmni.
- að vera örðrum til fyrirmynðar og eftirlreytni í meðferð á umhverfinu .
- mun fylgjast með almennri þróun umhverfismála og leitast við, í samstarfi við erlenda og innlenda aðila, að sporna við neikvæðum áhrifum á umhverfið.
- leitast við að efla umhverfisvitund starfsmanna og almennings.
- Við hönnun skal gert ráð fyrir því að þegar viðkomandi starfsemi lýkur verði ástand umhverfis sem næst því sem það var áður en framkvæmdir hófust.
- mun fylgja gildandi lögum og reglum á sviði umhverfismála.
- mun kynna verktökum sínum umhverfisstefnu fyrirtækisins og jafnframt setja þeim skilyrði um umgengni við umhverfið.

### Hreinsun úrgangsþolíu og brennsla grunnolíu

#### *Starfsleyfi*

Starfsleyfisveitandi: Umhverfisstofnun. Starfsleyfi gildir til 31. des 2004

#### *Eftirlitsaðili*

Umhverfisstofnun.

#### *Fyrirtækjaflokkur*

Fyrirtækið fellur undir flokk 5.

5.1. Stöðvar fyrir meðhöndlun, förgun eða endurnýtingu spilliefna.

*Orku og hráefnanotkun*  
Við hreinsun úrgangolíu

Orka	Orka per m <sup>3</sup>
23761 kwh	99.41 kwh/m <sup>3</sup>


*Móttekin úrgangsolia til hreinsunar*  
239 m<sup>3</sup>

<i>Brennd grunnolía</i>	
220 m <sup>3</sup>	1980000 kwh
	9 kwh/líter

*Spilliefni (úrgangur vegna hreisunar)*  
6,8 m<sup>3</sup>  
Olíudreifing tók á móti úrgangi og kom til eyðingar.

*Annað:*

Allar upplýsingar varðandi mengunarmælingar og rannsóknir á úrgangsoliu og grunnolíu eru hjá Umhverfisstofnun.



HITAVEITA  
SUÐURNESJA HF

Reykjanesbær, 17. maí 2005

### Yfirlýsing Stjórnar

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf staðfestir hér með skýrslu um grænt bókhald fyrir árið 2004.

f.h. Stjórnar Hitaveitu Suðurnesja hf.

Ellert Eiríksson  
Stjórnarformaður

## ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Við höfum endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir starfsemi Hitaveitu Suðurnesja í Vestmannaeyjum fyrir árið 2004

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingarnar sem koma fram í græna bókaldinu. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að tölulegar upplýsingar í grænu bókhaldi Hitaveitunnar fyrir árið 2004 séu réttar og í samræmi við upplýsingar í fjárhagsbókhaldi fyrtækisins.

Reykjavík 17. maí 2005.



Ómar Bjarnason  
endurskoðandi